

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Elínar Rannveigar Briem Jónsson,
skólaforstöðukonu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Elínar Rannveigar Briem Jónsson, skólaforstöðukonu og er stofnaður á 90. fæðingardegi frú Elínar, 19. október 1946, af nánustu ættingjum hennar, venslafólki og vinum.

2. gr.

Sjóðurinn nam hinn 25. janúar 1990 kr. 150 000,00 (eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur). Í eigu sjóðsins eru enn fremur þrír verðlaunapeningar úr bronsi með upphleyptri mynd af Elínu.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja til framhaldsnáms eða sérstakra verkefna:

1. kennara, sem lokið hafa námi frá Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eða sambærilegum skólum.
2. kennara sem lokið hafa B.ed. prófi frá Kennaraháskóla Íslands með hússtjórn sem valgrein eða sambærilega menntun.
3. kennaranema, sem stunda nám á síðasta námsári með hússtjórn sem valgrein.

4. gr.

Sjóðurinn er sjálfeignarstofnun í vörslu þriggja manna sjóðsstjórnar. Hana skipa formaður Hússtjórnarkennarafélags Íslands, fulltrúi kosinn á aðalfundi félagsins til fjögurra ára og einhver af nánustu ættingjum Elínar R. Briem.

5. gr.

Sjóðinn skal efla með þeim ráðum sem sjóðsstjórn telur heppileg hverju sinni.

6. gr.

Styrkinn skal auglýsa í fréttabréfi Hússtjórnarkennarafélags Íslands að hausti ár hvert. Sjóðsstjórn sér um úthlutun styrkja.

7. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Einn tíunda hluta vaxta skal ávallt leggja við höfuðstólinn, en hinum hlutanum má úthlutunarnefnd ráðstafa til framhaldsnáms eða sérstakra verkefna sbr. 3. gr.

8. gr.

Stjórn sjóðsins annast reikninga hans og skal gerð grein fyrir endurskoðuðum reikningum á aðalfundi Hússtjórnarkennarafélags Íslands.

9. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, enda sé hún einhuga um breytinguna.

10. gr.

Telji sjóðsstjórn æskilegt að leggja sjóðinn niður skal ráðstafa eigum hans í samráði við ættingja Elínar Rannveigar Briem Jónsson.

11. gr.

Verði Hússtjórnarkennarafélag Íslands lagt niður getur stjórn sjóðsins ákveðið hvernig sjóðnum skuli varið. Ráðstöfun sjóðsins skal þó jafnan við það miðuð að hann stuðli að því að efla hússtjórnarfræðsluna í landinu.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagssrá þessari.

13. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað óstaðfestrar skipulagsskrár fyrir Minningarsjóð Elínar Rannveigar Briem Jónsson, skólaforstöðukonu, frá 19. október 1956.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. apríl 1990.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.